



## Alþýðusamband Íslands

### Byggjum réttlátt þjóðfélag

#### Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar forseta ASÍ á 1. maí 2009

#### Góðir félagar.

1. maí kristallar hundrað ára baráttu fyrir bættum kjörum og rísandi vorsól þeirrar bjartsýni og þess kjarks sem nauðsynlegur er til að takast á við vandamál líðandi stundar, en síðast en ekki síst þann kjark sem þarf til þess að leggja grunn að réttlátu þjóðfélagi fyrir komandi kynslóðir.

Nú þegar eru erfiðir tímar og atvinnuþref, er okkur hollt að minnast þeirra fórna sem launafólk hefur fært og þess mikla árangurs sem náðst hefur með starfi verkalýðshreyfingarinnar. Það er okkur brýning þó fátt sé líkt með þeim kjörum, réttindum og aðbúnaði sem launafólk býr við nú og sem það bjó við fyrir nokkrum áratugum eða fyrir rúmri öld þegar íslensk verkalýðshreyfing var að stíga sín bernskuspor.

Við megum ekki gleyma því að föst laun, hvíldartími, frídagar, veikindaréttur, uppsagnarfrestir, sumarleyfi, fæðingar- og foreldraorlof, mannsæmandi aðbúnaður, atvinnuleysistryggingar og almannatryggingar eru ekki sjálfsögð réttindi. Þau urðu ekki til að frumkvæði stjórn málaflokka og Alþingis. Nei, þessi réttindi urðu til fyrir baráttu launafólks, baráttu foreldra okkar ömmur og afar, sem oft hefur kostað átök og miklar fórnir og við eigum að vera stolt af þeim árangri sem náðst hefur.

Ég nefni þetta vegna þess að við stöndum nú frammi fyrir einhverjum mesta efnahagsvandaá lýðveldistímanum og glímum í senn við afleiðingar fjármálakreppu og gjaldeyriskreppu. Fjöldi fyrirtækja berst í bökkum, meira en 18.000 manns eru án atvinnu og kaupmáttur hefur dregist mikið saman. Þessu fylgir svo mikill fjárhagsvandi ríkis og sveitarfélaga að hann ógnar grunnstoðum velferðarkerfisins. Það er því erfið staða sem við okkur blasir og á henni þarf að taka með ábyrgð og festu.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minna á að Alþýðusambandið varaði við því að efnahagsstefna stjórnvalda og Seðlabanka myndi leiða til kollsteypu með mikilli verðbólgu og atvinnuleysi. Við vörudum við því að óraunhæfar skattalækkanir myndu kynda þetta verðbólguþál og koma niður á velferðarkerfinu. Á viðvörunarorð okkar var ekki hlustað og þeir stjórn málaflokkar sem stóðu fyrir þessari gjaldþrota stefnu nýfrjálshyggju og takmarkalausrar græðgi bera í reynd ábyrgð á því að hafa rofið þjóðarsáttina – sáttina um að taka ekki ákvarðanir sem ógnuðu mikilvægum forsendum fyrir stöðugleika.

En dansinn var hraður og það var of gaman í partýinu hjá þeim sem til þess efndu.

Afleiðingarnar eru skelfilegar fyrir íslenska þjóð og það er nauðsynlegt að þeir aðilar sæti ábyrgð sem réðu ferðinni. Án þess verður leiðin upp úr kreppunni erfiðari en ella og það er mikið í húfi.

Nú í sumarbyrjun verða kjarasamningar á almennum vinnumarkaði endurskoðaðir og gengið frá samningum við ríki og sveitarfélög. Aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að samhliða því verði tvennt að eiga sér stað.

Annars vegar teljum við að gera verði nýjan sáttmála milli vinnumarkaðarins og stjórnvalda um forsendur varanlegs stöðugleika. Launafólk verður að geta treyst því að ríkisvaldið axli sína ábyrgð á þróun efnahagsmála og komi í veg fyrir að viðkvæmt jafnvægi milli gengis, vaxta og verðbólgu raskist – þó það kunni jafnvel að kosta þá vinsældir til skemmri tíma litið.

Hins vegar þarf að byggja á þessum grunni víðtæka sátt um hvernig við vinnum okkur sameiginlega út úr þessum mikla vanda og mótum samræmda stefnu í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum. Við hjá Alþýðusambandinu erum tilbúin í þessa vinnu og höfum sem veganesti ályktanir og stefnumótun aukaársfundar okkar í mars s.l. Brýnast er að ná niður atvinnuleysinu, lækka vexti og koma stöðugleika á gengi krónunnar. Aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að í lok næsta árs þurfi atvinna að hafa vaxið og marktæk skref stigin til uppfylla stöðugleikaskilyrði fyrir upptöku evru. Takmarkið er, að fyrir árslok 2013 verði lífskjör á mann a.m.k. þau sömu og fyrir bankahrunið.

Ljóst er að þetta verður erfitt og sársaukafullt verkefni en aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um mikilvægi þess að verja velferðarkerfið eins og kostur er.

**Góðir félagar** – þetta eru verkefni næstu mánaða og missera en verkalýðshreyfingin horfir nú eins sem fyrr til lengri tíma og hún spyr eins og þjóðin öll:

Hvernig samfélag viljum við byggja upp, hvert viljum við stefna?

Í því efni leitar verkalýðshreyfingin aftur til upphafs síns og grunngilda um þjóðfélag byggt á mannréttindum, félagslegu réttlæti, samstöðu og lýðræði. Reynslan hefur sýnt okkur að samfélög byggð á þessum gildum með öflugum og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði og jafnréttiog traustum réttindum launafólks eru best búin undir framtíðina. Þar eru norrænu velferðarsamfélögin okkar fyrirmynd og þá fyrirmynd eigum við að nota í því mikla endurreisnarstarfi sem framundan er.

Að sama skapi verðum við að horfast í augu við, að öflugt velferðarsamfélag verður aðeins reist á trúverðugum efnahagslegum stöðugleika og uppbyggingu.

Þann stöðugleika og trúverðugleika sem okkur vantar svo sárlega nú, höfum við einstætt tækifæri til að ná með því að ganga til viðræðna við Evrópusambandið um aðild og upptöku evru í framhaldi af því.

Þetta eru stórar ákvarðanir sem ég geri mér fulla grein fyrir að skiptar skoðanir eru um, en þjóðin verður að fá að taka afstöðu til þeirra og tíminn til aðgerða er nú, ekki seinna.

Stjórnámálamenn og hagsmunaaðilar hafa lengi þráttað um hvað aðildarsamningur við ESB muni fela í sér, hvað tapist og hvað ávinnist. Það má halda slíkum þrætum áfram endalaust en svarið fæst einfaldlega ekki fyrir en gengið er til formlegra aðildarviðræðna.

Ég tel að aðild muni gagnast íslensku launafólki og fjölskyldum þeirra á ýmsan hátt eins og með lækkun matarverðs, lægri óverðtrygðum húsnæðisvöxtum sem hægt er að treysta á, lægri verðbólgu og stöðugu gengi.

En auðvitað verðum við að setja fram vandlega skilgreind samningsmarkmið í mikilvægum málaflokkum eins og sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum - jafnvel skilyrði, þar sem litið verði til hagsmuna bæði fyrirtækja og launafólks, og sjá hvað okkur stendur til boða.

Það er og hefur verið skoðun Alþýðusambands Íslands, að í þeim alvarlegu aðstæðum sem við búum við verði þjóðin að hafa kjark til að horfast í augu við blákaldar staðreyndir, bregðast við þeim og leita nýrra leiða að sameiginlegum markmiðum. Og þó aðild að ESB sé ekki gallalaus mun hún flýta uppbyggingu efnahagslífsins og verða okkur til heilla þegar til framtíðar er litið. Þannig getum við með ábyrgri afstöðu og á lýðræðislegan hátt byggt upp réttlátt þjóðfélag.

Góðir fundarmenn – íslensk verkalýðshreyfing lítur víðar og lengra.

Í dag 1. maí er verkafólk og öll alþýða manna um víða veröld að vekja athygli á kjörum sínum og baráttumálum. Í ávarpi Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga í dag kemur fram, að tugir milljóna starfa hafi glatast vegna græðgi og vanhæfni stjórnenda sem hefur, eftir áratug tilslakana og óhefts markaðsbúskapar, leitt heiminn inn í djúpa efnahagslægd.

Fátækt og ójöfnuður hefur aukist hratt og vinnandi konur og menn víða um heim standa frammi fyrir auknu óöryggi sem engin fordæmi eru um í seinni tíð.

Hin alþjóðlega verkalýðshreyfing krefst umfangsmikilla og samhæfðra aðgerða til þess að lyfta heiminum upp úr þessari kreppu. Ríkisstjórnir verða að stuðla að því að launafólk hafi vinnu og þær verða að skapa ný störf til að koma í veg fyrir enn dýpri og varanlegri kreppu.

Víða um heim er réttur verkafólks til að vera í verkalýðsfélögum og semja um kaup og kjör virtur af vettugi og forystumenn stéttarfélagana fangelsaðir og myrtir. Við þessar aðstæður skiptir alþjóðastarf verkalýðshreyfingarinnar æ meira máli. Alþjóðleg verkalýðshreyfing berst fyrir lýðræði og krefst sömu grundvallarréttinda fyrir launafólk alls staðar í heiminum. Alþjóðleg verkalýðshreyfing berst fyrir réttlátri hnattvæðingu og mannsæmandi lífi fyrir alla. Það er siðferðileg skylda okkar að leggja þessari baráttu lið og vera trúir málsvarar hennar hér á landi.

**Góðir félagar,** að lokum þetta.

Íslensk verkalýðshreyfing hefur verk að vinna. Í þeirri varnarbaráttu sem framundan er verðum við að verja þann árangur sem náðst hefur um leið og við sækjum fram til að byggja réttlátt

Þjóðfélag til höfuðs misrétti og fátækt. Samfélag, þar sem komið er fram við alla af sanngirni og virðingu, þar sem örlög eins eru örlög okkar allra. Í þeirri baráttu er mikilvægt að við stöndum saman sem órofa heild.

Þrátt fyrir efnahagsþrengingarnar býr í þjóðinni mikill kraftur, þrek og þor og ég er sannfærður um, að ef rétt er á haldið getum við risið hratt upp aftur og sterkari en nokkru sinni fyrr – og í þetta sinn góðar félagar byggt réttlátara þjóðfélag á grunni félagslegs réttlætis, samstöðu og virðingu fyrir manneskjunni.

Gleðilegt sumar og til hamingju með baráttudag verkafólks - þakka ykkur fyrir.